

Selfossi, 27. sept. 2001

84. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 26. september 2001, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, Arnar Árnason, svæðisstjóri Kirkjuferjuháleigu og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð aukafundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 19. sept. sl.**
Áætlað er að gögn vegna framhalds aukafundar 2. okt. nk. verði send út á nk. föstudag.
- 2. Drög að fjárhagsáætlun.**
Drögunum vísað til vinnslu á næsta fundi.
- 3. Framkvæmdir í Kirkjuferjuháleigu.**
 - a) Ný urðunarrein.
Samþykkt að hefja hönnun og síðan undirbúnings útboðs.
 - b) Rannsóknir vegna gassöfnunar.
Guðmundur gerði grein fyrir rannsóknum og borunum tilraunahola sem verið er að vinna að á urðunarsvæðum að tilhlutan Hollustuverndar.
 - c) Hugmyndir um endurbætur á hreinsibúnaði.
Leitað hefur verið til Almennu verkfræðistofunnar um hugmyndir að bættri hreinsun. Samþykkt að vinna áfram að málinu.
 - d) Hugmyndir um söfnun og kurlun á timbri.
Samþykkt að hvetja sveitarfélögin til frekari flokkunar á timbri og jafnframt að huga að lækkun á gjaldi fyrir aðkomið flokkað timbur.
 - e) Aðgreining hjólbarða frá öðrum úrgangi.
Samkvæmt tilskipun frá ESB er ekki lengur heimilt að urða dekk.
Samþykkt að safna þeim á sérstakt svæði í Kirkjuferjuháleigu. Jafnframt samþykkt að hvetja sveitarfélög og sorphirðuaðila til að aðgreina og flokka dekk frá öðrum úrgangi.
 - f) Seyrumál.
Rætt um búnað til að meðhöndla seyru og eyða þar með hugsanlegum smitefnum úr seyrunni. Áætlaður kostnaður er um 4 milljónir króna.
Samþykkt að kanna málið frekar og leggja fram kostnaðaráætlun á næsta fundi.

- g) Klæðning á veg innan girðingar í Kirkjuferjuháleigu.
Samþykkt að leggja klæðningu í kringum hús, þvottaplan og vigt.
Einingakostnaður er kr. 700 á m². Samþykkt að óska eftir því við Vegagerðina að hún sinni viðhaldi við veginn að Kirkjuferjuháleigu. Jafnframt samþykkt að taka verði upp viðræður við Vegagerð og þingmenn Suðurlands um greiðslu á hlut ríkisins í safnveginum að Kirkjuferjuháleigu.
- f) Skipulag og frágangur urðunarsvæðis.
Fram kom hjá Sesselju að málið er í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

4. Bréf frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 23. júlí 2001, varðandi kvörtun vegna urðunar úrgangs í Kirkjuferjuháleigu og afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til Hollustuverndar, dags. 16. júlí um sama efni. Einnig blaðaumfjöllun Sunnlenska fréttablaðsins um málið.

Arnar Árnason gerði grein fyrir vinnulagi á urðunarsvæðinu og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að verjast foki og ágangi fugla. Mál þessi eru í eðlilegum farvegi í samvinnu starfsmanna Sorpstöðvarinnar og Hollustuverndar.

Fundi slitið kl. 13:00.

Karl Björnsson
Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson

Sesselja Jónsdóttir